

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST202111-122/Þ.V.B.
09.08.02

Synjun um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 10. nóvember 2021, um leyfi til aksturs utan vega við Óseyrartanga vegna kvikmyndatöku.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að „keyra 3 buggy bíla um 2 km leið sem sýnd er á korti sem fylgdi með umsókn. Aðeins yrði keyrð ein ferð þann 14. nóvember 2021. Tilgangur akstursins er að mynda bílana á keyrslu. Að tókunum koma 35 manns. Hrífað verður yfir hjólförin að tókum loknum“

Niðurstaða

Umhverfisstofnun er heimilt skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum farartækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Í athugasemdum við frumvarp til laga um náttúruvernd (þingskjal 537-429) var lögð áhersla á að túlka ætti þessa heimild þröngt og beita af varúð. Nefna má sem dæmi að tiltekin framkvæmd sem leyfi hefur fengist fyrir getur kallað á að undanþága verði veitt, t.d. ef ekki liggja að framkvæmdastaðnum vegir eða vegslóðar sem heimilt er að aka á. Í umsókn umsækjanda er rökstuðningur fyrir því að akstur utan vega sé nauðsynlegur að fegurð svæðisins sé að finna niður í fjöru. Umsækjandi hefur ekki sýnt fram á að ekki sé unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Umsókn um leyfi til aksturs utan vega við Óseyrartanga vegna kvikmyndatöku er því synjað.

Áform um ákvörðun þessa var send fyrirvarsmönnum Truenorth Nordic ehf., þann 12. nóvember 2021 með fresti til að skila skriflegum andmælum til kl. 13:00 þann 15. nóvember 2021. Engin andmæli bárust.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Lilja Ólafsdóttir
lögfræðingur